

# Brýnið

*Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 2 tbl. 30.  
árgangur 2025*

Kæru félagar!

Félagsstarfið hjá okkur blómstrar sem aldrei fyrr og er margt spennandi framundan hjá félaginu okkar. Vorsýningin okkar í fyrra (2024) var, að margra mati í sérflokki hvað glæsileik varðar og var það ekki síður á þessu ári 2025. Félagið okkar mun fagna 30 ára afmæli á næsta ári 2026 og ber því að fagna með glæsilegri Afmælis-Vorsýningu. Að því tilefni þá óskum við eftir því að þeir félagsmenn sem hafa áhuga á því að vera með verk á 30 ára afmælissýningunni okkar 2026, sendi inn a.m.k. 3-5 myndir af verkum til sýningarnefndar F.Á.T. Sýningarnefndin mun svo velja til þau verk sem verða á sýningunni.

Aðalfundur félagsins 2025 var haldinn 8. Mars og var bæði málefnalegur og skemmtilegur að venju. Rætt var m.a. um að stofna Instagram síðu fyrir félagið, sem er núna komin í gagnið, húsnæðismál og verkefni framundan, meira um það hérna síðar í Brýninu.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með nýju heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskrá er auglýst á baksíðu Brýnisins ásamt aðilum í Sýningarnefnd Vorsýningar 2026.

Kærar kveðjur,  
Víðir Árnason, formaður FÁT

**Aðalfundur** félagsins var haldinn 8. Mars 2025 og mættu alls 11 manns á þennan aðalfund. Það er von stjórnar að fleiri félagsmenn sjái sér fært að mæta á aðalfundi félagsins í framtíðinni og ekki síst þar sem stórt afmælisár er framundan.

Á fundinum sagði Halldór Kr. Júlíusson okkur frá aðstöðu á Aflagranda í Vesturbænum, sem er tilbúin fyrir okkur ásamt verkfærum sem við getum fengið að nota í samvinnu með öðrum. Húsnæðið er ca. 70-80 fermetrar í það heila. Halldór ætlar að fara áfram með málið fyrir okkar hönd og er í sambandi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Stjórn félagsins hittist síðar á Aflagranda og skoðaði aðstöðuna, sem lítur mjög vel út.

Skemmtileg umræða, á fundinum spannst um útskurð á Höfðaletri sem bæði Sigurjón Gunnarsson og Halldór Kr. Júlíusson eru miklir áhugamenn um. Ætla þeir að leiða hesta sína saman í þessum efnum. Öllum sem voru á fundinum fannst þetta spennandi og áhugavert verkefni og hafa áhuga á að fylgjast með.

## **Vorsýning FÁT – 2025**

Sýnendur Vorsýningar FÁT 2025 voru alls 15 manns og mikill fjölbreytileiki í verkum listamanna.



*Bjarni Þór og Sigurður Peterssen sátu vaktina og tálguðu af snilld, gestum til ánægju.*

## Sýnendur vorsýningar FÁT - 2025

Halldór K. Júlíusson	Spegill – Stafir.
Víðir Árnason	Fígúrir, Íþróttarmaðurinn
Júlíus Guðmundsson	Fígúrir – Víkingakallar.
Sigurður Petersen	Fígúrir
Karl Guðmundsson	Borðlampar
Anna Lilja Jónsdóttir	Brúðugerð
Donald Ingólfsson	Lágmyndir - Linditré
Hjörtur Árnason	Lágmynd Mahony, annar útskurður, m.a. fundarhamar
Anton G. Ingólfsson	Kistlar, ræðu púlt og fleiri nytjahlutir.
Friðrik Óttar	Tálgun - dýr
Jón Ingvar Gunnarsson	Lágmynd Lindi – Fiskur – Tálgaðir fiskar.
Gylfi Theodórsson	Lágmyndir - Geirfuglinn
Kiril Stamenkov	Hestshaus
Kjartan Sigurjónsson	Útskurður – klukkur o.fl.
Bjarni Þór	Fígúrir

**Myndir frá Vorsýningu**



*Verk eftir, Júlíus, Kiril, Sigurð Petersen og Önnu Lilju*




*Verk eftir Kjartan, Anton, Önnu Lilju og Friðrik Óttar*



Verk eftir Jón, Hjört, Donald og Gylfa.





*Verk eftir Júlíus, Víðir, Önnu Lilju og Karl.*

## Kennsla í höfðaletri

Í Hugur og hönd 2025 birtist grein um Bólu-Hjálmar eftir Halldór Kr. Júlíusson. Bólu-Hjálmar var hagur til munns og handa, en auk þess að vera þekkt skáld var hann líka afkastamikill tréskeri og þekktur fyrir fagurlega útskorna kistla sem oftast voru skreyttir höfðaletri.

Nú í vetur munu Halldór Kr. Júlíusson og Sigurjón Gunnarsson kenna höfðaletursnámskeið hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Á þessu námskeiði öðlast nemendur almenna þekkingu á höfðaletri; upphafi þess, þróun og sögu. Kennt verður að undirbúa, skipuleggja og skera út höfðaletursbekk og vinna nemendur þrjú verkefni til að öðlast færni.

Skráning fer fram á heimasíðunni þeirra hér:

<https://www.heimilisidnadur.is/.../treskurdur-hofdaletur>

Mynd: Ívar Brynjólfsson/Þjóðminjasafn Íslands. Kistill ÞJMS 6983 eftir Bólu-Hjálmar



## Hvers konar letur er höfðaletur? Hvað má segja um uppruna þess og notkun gegnum tíðina?

Höfðaletur er séríslensk skrautleturgerð sem fyrst og fremst var notuð í tréskurði. Um leið má eiginlega segja að það sé eina séríslenska leturgerðin. Höfðaletur þróaðist út frá gotnesku smástafalettri/lágstafalettri á 16. öld. Það afbrigði gotnesks skrautstíls sem höfðaletur virðist hafa þróast út frá er svokallað bendlaletur, sem einkennist af því að stafir eru eins og mótaðir af uppábrotnum borða eða renningi.

Höfðaletur var notað meira og var lífseigara í íslenskri skrautletrun en nokkur önnur stafagerð. Einhverra hluta vegna virðist höfðalettrið hafa höfðað ríkt til fegurðarskyns Íslendinga og haft í því tilliti yfirburði fram yfir aðra stíla.

Höfðalettrið var þjóðarlist. Það voru alþýðulistamenn sem skáru höfðaletur fyrir alþýðuna.

Höfðalettrið bauð upp á fjölbreytileg tilbrigði og það hefur þann eiginleika að jafnvel þótt útskurðarfærnin sé ekki upp á marga fiska og hver stafur fyrir sig jafnvel klaufalegur getur heildarútkoman verið gullfalleg.

Allt fram á 19. öld var nafnið höfðaletur notað um mjög fjölbreytilegar skrautleturgerðir. Það er ekki fyrr en líður að 20. öld að merking þess þengist í þá sem hún hefur í dag.

Þrátt fyrir ákveðin sameiginleg einkenni réðust takmarkanir letursins varðandi stærð, lögun og læsileika af duttlungum og tilfinningu þess sem skar. Stílfestan hefur ekki skipt alþýðulistamanninn miklu máli þar sem engar eiginlegar „reglur“ giltu. Afbrigði höfðaleturs eru því svo að segja jafn mörg þeim sem skáru.

Notkun höfðaleturs einskorðaðist nánast alla tíð við gripi úr tré og málm, en einnig úr horni. Það er ekki fyrr en á 20. öld sem efnisnotkunin verður



fjölbreyttari. Höfðaletur var ekki notað sem skrifletur. Það hentaði einfaldlega illa til aðferða og efna annarra en í útskurðarhefðinni.

Letrið var langmest skorið í tré og eiginleikar viðarins og áhöldin sem notuð voru við útskurðinn höfðu mikil áhrif á útlit höfðaleturs, ekki síst hið kassalaga form þess og yfirborðsskraut.

Algengast var að höfðaletur væri haft til skrauts á daglega brúksluti, svo sem kistla, rúmfjalir, lára, spæni, trafakefli og svo framvegis þó því bregði fyrir á gripum sem höfðu stásslagra hlutverk.

Höfðaletur var fyrst og fremst skrautletur og sá þáttur hefur oft vegið þyngra en læsi þess og jafnvel innihald textans.

Letrið var útbreitt og virðist hafa verið þekkt meðal þorra manna í landinu. En höfðaletursáletranir áttu ekki að vera auðlæsar hverjum sem er. Þvert á móti átti letrið að vera dularfullt. Áletranirnar voru stundum hafðar aftur á bak, á einhvers konar dulmáli eða skammstafaðar, svo innihald textans væri eingöngu skiljanlegt eiganda gripsins og þeim sem skar. Nokkur fjöldi slíkra höfðaletursáletrana er enn óleystur í dag. Þrátt fyrir þessa torræðni og dularfulla yfirbragð er ekkert sem bendir til að höfðaletur hafi nokkurn tíma verið notað til galdraíðkunar.

### **Helsta heimild og myndir:**

- Gunnlaugur S. E. Briem: *Höfðaletur: a study of Icelandic ornamental lettering from the sixteenth century to the present*. Department of Graphic Information, London, 1980 (óútg.).
- Myndir: Ívar Brynjólfsson.
- <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=21382#>

### **Tréskurðarnámskeið hjá Jón Adólf**

Helgina 17. og 18. október býður Jón Adólf upp á námskeið í tréútskurði fyrir byrjendur og lengra komna. Kennð verða grunnatriði í tréútskurði og notkun verkfæra. Námskeiðið er einnig fyrir þá sem eru lengra komnir og fá þá tækifæri til að þróa sína hæfni í eigin verkefnum.

Innifalið í kostnaðinum er kennsla og efni sem dugar fyrir tvö verkefni.

Föstudagur 17. okt. Kl: 17:00 - 21:00, Laugardagur 18. okt. Kl: 09:00 - 14:00.

Staðsetning: Dalvegur 16c, Kennari: Jón Adólf Steinólfsson


Verð: 40.000 Nánari upplýsingar í síma: 8966234 eða  
jonadolf@simnet.is.

Hérna fyrir neðan eru myndir frá tré útskurðarnámskeiði hjá Jóni Adólf Steinólfssyni helgina 19 – 20 september síðastliðinn.





@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.



@Jóhanna Kristín Hauksd.

## Friðgeir Guðmundsson



Friðgeir Guðmundsson Tré-útskurðarmeistari andaðist 13. September 2025. Hann var að mörgum kunnur fyrir afburðar listfengni við Tréútskurð og á að baki fjöldann allan af útskurðarnámskeiðum sem hann hélt víða og í aðstöðu sinni að Mánalind 12, Kópavogi. Friðgeir var tréútskurðarmeistari frá skóla Hannesar Flosasonar. Hann var í stjórn Félags áhugamanna um tréskurð á

árunum 2000 og síðar 2004-2006. Margir munu eflaust minnst hans sem Mentor og góðs vinar, því hann var það svo sannarlega. Hann var áhugasamur um hag nemanda sinna og einnig þeirra sem hann umgekkst við áhugamálið sem var að sjálfsögðu Tré útskurður og var óspar á að gefa góð ráð. Hann á mikið af verkum eftir sig ásamt teikningum og skrifaði m.a. greinar um tréútskurð, m.a. um Akantus útskurð. Friðgeir vann allt af mikilli nákvæmni og ekki bara við tréskurð. Við í stjórn hjá FÁT fengum Friðgeir

nokkrum sinnum til að taka að sér fundarstjórn á aðalfundum félagsins, þar sem hann fór mjög nákvæmlega yfir alla dagskrá og stjórnun fundar, það var mjög ánægjulegt að vinna með Friðgeiri.



Myndirnar eru frá opnu húsi hjá Friðgeiri í aðstöðu sinni að Mánalind 12, árið 2018. Við hjá FÁT, sendum okkar innilegustu samúðarkveðjur til fjölskyldu og aðstandenda Friðgeirs.

*Fyrir hönd stjórnar FÁT Hjörtur Árnason*

## Hjörleifshöfða verkefnið er að fara af stað.



Stjórnin er búin að funda með aðilum Viking Park og búið að taka ákvörðun um ákveðin verkefni. Þetta verður mjög spennandi, en félagar í Félag áhugamanna um tréskurð á Íslandi hafa hérna einstakt tækifæri á því að taka þátt í einstökum og stórum menningarviðburði í Víkingagarðinum við Hjörleifshöfða tengt útskurði í tré og steini sem mun draga mikla athygli að sér á staðnum.

Stjórnarmaður í FÁT, Hjörtur Árnason og eiginkona hans fóru í vettvangs-ferð á Hjörleifshöfða helgina 2 – 3 maí 2025.

Markmið ferðar var að skoða aðstöðuna í Viking Park við Hjörleifshöfða ásamt að skoða efni s.s. grenitré úr Öskjuhlíðinni og annan rekavið sem var kominn á staðinn og meta ástand og umhverfi. Rekaviðurinn er ca. 2,5 metrar og mögulega hægt að vinna eitthvað með hann s.s. öndvegissúlur eða eitthvað slíkt. Einnig höfðu félagar í Viking Park náð að útvega sér Grenitré úr Öskjuhlíðinni, sem gæti verið áhugavert að nýta sér.

Umhverfið um Höfðann er áhugavert og þó nokkur áhugi ferðamanna um staðinn. Yoda hellirinn er afar vinsæll áfangastaður, en hann er út við endann á Höfðanum, við bílastæði nr. 2 (P2).

Það er aðstaða í sandnámum rétt fyrir utan bæinn sem hægt er að vinna eitthvað, en ef veður er leiðinlegt, rigning og rok þá er lítið skjól nema fyrir þá allra hörðustu Víkinga. Sennilegt er að verkefnin verði unnin í bænum að mestu leiti.



*Rekaviður í Sandnámunni, rétt fyrir utan Vík.*

Ferðin inn í Vík í Mýrdal er um 200 Km og tekur ca. 2 ½ tíma að keyra. Það eru tvö bílastæði við Hjörleifshöfðann, fyrra bílastæðið P1, þar er klósetaþstaða og myndarlegt Víkingaskip. Mikið af gönguleiðum og slóðum þar sem hægt er að ganga upp á Höfðann. Góður staður fyrir fjallageitur. Seinna bílastæðið P2 er svo fyrir endann á Höfðanum og þar er Yoda hellirinn ásamt fleiru skemmtilegu að sjá.



*Grentitré úr Öskjuhlíðinni*

## Grein um Innfellda Ítalska viðarskurðarlist.

Margir hafa eflaust séð húsgögn og önnur listaverk sem búin eru til með innfelldri viðarskurðarlist. Þetta er áhugavert listform í tré og mig hefur langað að kynnast þessu listformi.

Á ferðalagi okkar hjóna í sumar 2025, til Ítalíu, þá fengum við tækifæri á að heimsækja bæinn Sorrento sem er rétt um klukkutíma akstur suður af Napólí. Það er margt um manninn í Sorrento enda er þetta mikill ferðamannabær og á sérlega fögrum stað rétt norðan við Almalví ströndina og greið leið að ferðast frá Sorrento til Capri og út á Almalví ströndina, útsýnið stórkostlegt og víðsýnt, m.a. á leiðinni til Sorrento er hægt að virða fyrir sér eitt af frægasta eldfjalli heims sem er fjallið Vesúvíus við Pompei.



En það sem vakti áhuga okkar hjóna sérstaklega í þessari ferð var að fá að kynnast Ítalskri viðarskurðarlist frá Sorrento sem er vel gætt og faguð af heimamönnum og unnið er með trjám úr nágrenni Sorrento, m.a. ólífutré, valhnetuvið, poppel, rósavið, ebenuvið svo eitthvað sé nefnt.

Viðarskurðlistin í Sorrento kallast Innfæld viðarskurðlist, *intarsio* eða *Inlaid*, það er listform þar sem litlir viðarbútar, og stundum fílabein, perlumóður eða málmar, eru settir í viðaryfirborð til að mynda flókin mynstur eða myndir. Útkoman minnir á mósaík og sýnir oft landslag, andlits-myndir eða rúmfræðileg mynstur.



### Sögulegur bakgrunnur

Uppruni tækninnar á rætur að rekja til 14. aldar og var innblásin af austurlenskri marquetry-list og þróaðist á endurreisnartímanum.

Blómatími iðngreinarinnar náði hámarki á 18. og 19. öld, þegar Sorrento varð menningarlegur áfangastaður fyrir evrópska ferðalanga.

Þó fjöldaframleiðsla hafi haft áhrif á gæði á 20. öld, hefur áhugi á handgerðri list aukist á ný.

Jafnvel þótt innfelld trésmíði hafi verið útbreidd á Ítalíu frá 1300, þróaðist hún á endurreisnartímanum á fáeinum staðbundnum svæðum, svo sem Toskana, Piemonte, Emilia Romagna, Veneto og Napólí.

Í Sorrento náði innfelld trésmíði hátindi sínum í byrjun 19. aldar, eftir að stofnaður var skóli fyrir innfellingar- og útskurðarverksmiðju árið 1886.

### **Tækni og efni**

Innfellingar í Sorrento (bæði innfellingar og skápasmiði) hafa notið mikilla vinsælda og notið viðurkenningar fyrir val sitt á frumlegum aðferðum (sérstaklega mósaík) og efniviði (viður úr dæmigerðum staðbundnum trjátegundum frá svæðinu í Sorrento).

Listamenn skera og fella saman litla viðarbúta í skorin rými með mikilli nákvæmni.

Efni sem eru notuð eru m.a. Beyki, valhnetuvið, poppel, rósavið, ebenuvið og hlynur sem eru algeng og eru valin eftir lit og áferð.

Lokafrágangur er svokölluð skygging sem er gerð með heitu sandbaði til að bæta dýpt, raunsæi og brenna til kantanna.

### **Algeng mynstur**

- Hefðbundin: Rómantískt landslag, blómaform og sjávarmyndir frá Sorrento með nútímalegum og óhlutbundnu formi og skærum litum.
- Vinsælir hlutir: Spiladósir, skartgripakassar, bakkar, taflborð og húsgögn.
- Að vinna verk með innfelldri tækni getur tekið 2 – 3 mánuði fyrir hvert verk fyrir sig.

### **Útskurðarverkin má sjá m.a. á eftirfarandi stöðum:**

- Museo Bottega della Tarsia Ligneia: Safn í Sorrento sem er tileinkað þessari list, með sýningum á gömlum og nýjum verkum.
- Handverksstofur: Fjölskyldureknaðar vinnustofur eins og hjá Michele Calemma sem halda hefðinni á lofti og blanda saman arfleifð og nýsköpun.

Í gegnum árin hefur framleiðsla í Sorrento, eins og önnur framleiðsla, gengið í gegnum ýmsar breytingar, áhrif og þróun, einnig vegna notkunar á leturgröftrunar-tækni, sem Arturo Guidi skapaði á staðnum. (*Arturo Guidi Fece*). Guidi var prófessor við Listaháskólann Scuola D'Arte í Sorrento á Ítalíu og deildarstjóri tréskurðarlistar en skólinn var stofnaður árið 1896.



Þetta var einstaklega skemmtileg ferð til Sorrento og við hjónin erum alveg tilbúin í aðra ferð þangað og njóta.

### **30 ára afmæli 2026**

Félag áhugamanna um tréskurð verður 30 ára á árinu 2026. Við ætlum að fagna afmælisárinu okkar með glæsilegri Vorsýningu á verkum félagsmanna og að þessu sinni verðum við með glæsilega sýningu í Safnaðarheimili Kópavogskirkju Borgum, 25 – 26. Apríl 2026. Sérstök sýningarnefnd á vegum FÁT óskar eftir að fá sendar myndir af verkum félagsmanna sem hafa áhuga á því að vera með verk á 30 ára afmælissýningu félagsins. Við óskum eftir 3 – 5 myndum og mun sýningarnefndin velja út úr þessum myndum frá hverjum og einum fyrir sig. Sýningarnefnd FÁT samanstendur af:

Jón Adólf Steinólfsson  
Víðir Árnason

Vinsamlegast sendið myndir á netfangið: [treskurd@gmail.com](mailto:treskurd@gmail.com) fyrir 21.febrúar 2026, einnig má hafa samband beint við stjórn FÁT.



## Dagskrá 2025 - 2026

25.október 2025– Sýningin **Góðir hálsar** í Stykkishólmi.  
Rútuferð frá Nethyl 2e klukkan 11:00.

22. Nóvember 2025 – Sýning í safni Sigurjóns.  
Opin hús í janúar og mars 2026 auglýst síðar.

\* **Aðalfundur FÁT** verður haldinn 21. Febrúar 2026  
Í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins  
Nethyl 2e, 110 Reykjavík, kl. 10 -12.

30 ára Afmælisýning FÁT verður haldinn 25 – 26 apríl 2026 ,  
frá kl: 11:00 – 17:00, báða daganna í safnaðarheimilis  
Kópavogs Borgum við Kópavogskirkju .  
Sýnendur koma með verk sín inn í safnaðarheimili,  
föstudaginn 24 apríl 2026  
milli klukkan 15:00 -19:00

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
Netfang: treskurd@gmail.com | [www.treskurdur.is](http://www.treskurdur.is) | [Instagram](#)

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð  
Pósthólf 130

